

Stjórnarfundur LEB 7.júní 2019

Kl. 10.00- 13.00 hádegishlé. Fundur no. 320

Þórunn setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Valgerður Sigurðardóttir, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ellert B. Schram, Drífa Sigfúsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson og Ingólfur Hrólfsson.

Fundargerð síðasta fundar: Afgreidd og samþykkt. Verður frá og með næsta fundi prentað út og stjórnarmenn munu setja upphafstafi sína undir hana. Þórunn mun ganga frá þessu og eins að fá rétta númeraröð fundargerðanna á netinu.

1. Fundargerð Landsfundar: Er tilbúin og var send til aðildarfélaganna, gerðar voru smávægilegar breytingar. Hún er nú komin á vefinn.
2. Ályktanir landsfundar og tillögur frá aðildarfélögum:
Kjaramálaályktunin sem samþykkt var er byggð að mestu á tillögum frá félögum í Reykjavík, Húsavík, Hafnarfirði, Rangárvallasýslu og Garðabæ. Tillögum félaganna var svo vísað til stjórnar til frekari vinnslu.
3. Nýjustu tillögur stjórnvalda um starfshóp og skipun í verkefnið:
Þórunn ræddi um störf fyrri hóps. Honum voru settar mjög þröngar skorður. En reynt hefur verið að fá niðurstöður í skipan nýs starfshóps, sem hefði víðari skýrskotun. Fyrir liggur að hópurinn verður skipaður á næstunni . Að hópnum munu standa Félagsmálaráðuneytið, Forsætisráðuneyti, Heilbrigðismálaráðuneytið og Fjármálaráðuneytið. Óskað verður eftir tilnefningum af hálfu LEB.
Rætt um skipan af hálfu LEB í hópinn. Tillögur eru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Þorbjörn Guðmundsson. Varmenn yrðu Ólafur Örn Ingólfsson, Valgerður Sigurðardóttir og Sigurður Jónsson. Samþykkt. Umræður urðu um aðstöðu og málefni aldraðra, veikra og heilbrigðra. Heyrðust margar sorgarsögur sem eru því miður sannar.

4. Fjármál LEB : Gengið frá prókúru fyrir nýjan gjaldkera, Valgerði. Samþykkt að greiða landsfundarfulltrúum 50% af ferða og dvalarkostnaði miðað við gistingu í tveggja manna herbergi, samkvæmt gildandi reglum.
5. Umsagnir frá Alþingi : Borist hafa tvö erindi sem hafa verið afgreidd jákvætt. Samþykkt að stjórnin verði upplýst um þau mál sem koma til umsagnar.
6. Innra starf LEB s.s. nefndir og nefndarskipanir/ tillögur: Þórunn hefur tekið að sér að vera fulltrúi LEB í Öldrunarráði Íslands. Skipað verður í Kjaranefnd, Velferðarnefnd, Laganefnd, ritnefnd og uppstillingarnefnd fyrir haustið.
7. Umboðsmaður Alþingis og erindin þar. Nýtt svar og nýtt bréf : Sent var erindi um akstur sjúklinga vegna veikinda , en þeim er aðeins greitt 32 kr á kílómetra. Samþykkt að ræða við heilbrigðisráðherra um málið.
8. Vinna til 70 ára: Þetta er úrelt. Málið komið til lögfræðins og kona fundin í málið .
9. Heimasíða og Facebook: Samþykkt að ræða við Atla Rúnar um að annast heimasíðuna og facebook. Kann þarf hvað hann tæki fyrir það .Þórunn sagði að tilboð hefði borist frá Viðari Eggertsyni sem komið hefur að Facebook síðunni, um umsjón með henni og einnig heimasíðunni. Rætt var um fyrirkomulag þessara miðla, hverjir ættu að hafa umsjón með þeim af hálfu stjórnarinnar.
10. Erindi til LEB/Rósin/Lýsa fundur fólksins/ Almannaheill/samtök: Samþykkt að LEB standi að fundi fólksins, sem nú heitir Lýsa, og taki þátt í fundarstörfum, sem haldinn verður á Akureyri í haust, 6-7 september.
11. Vekefni á vegum LEB. S.s. hvað er búið og hvað er að fara í gang/ skil: Þórunn vinnur að skilum á þeim verkefnum sem í gangi eru.
12. iPad og almenn spjaltölvukennsla hafin: Haukur sagði frá átaki sem gert var í Félagi Eldri borgara á Akureyri. Fremur dræm aðsókn var. En þeir sem komu voru þeir sem lánmarksfærni höfðu. Dagbjört sagði frá kennslu hjá Aftanskini í Stykkishólmi sem unnið var í sambandi við Grunnskólann.

13. iPad kennsluefnið og frekari notkun: Þórunn vakti máls á því hvort við ættum að láta félög aldraðra njóta góðs af þessum bæklingi.
 14. Dagbjört á Höfn í Hornafirði frásögn: Dagbjört sagði frá málþingi sem haldið var á Höfn og hún sótti fyrir hönd LEB. Mjög gott málþing, mikil fræðsla og vel staðið að þinginu af hálfu Félags aldraðra á Höfn og sveitarfélagsins.
 15. Nóra hvað svo: Ekkert gert síðan á síðasta fundi, þetta er félagakerfið, verður skoðað í haust.
 16. Grái herinn: Grái herinn sendi út bréf til félaganna um væntanlega málsókn Gráa hersins. Leitað var til aðildarfélaganna um að verða aðili að svokölluðum málskotssjóð sem standa á straum að væntanlegum málflutningi sem byggist á því hvort það standist lög að skerða lífeyrisgreiðslur. Yfir 30 félög hafa samþykkt að gerast stofnfélagar og styðja við málflutninginn. Haukur og Þórunn lýstu því yfir að þau væru ekki bjartsýn á að málið ynnist. En að hin almenna þáttaka aðildarfélaganna sýndi að mjög almennur móralskur stuðningur væri við málið innan félaganna. Ellert lýsti því yfir að hann væri hlynntur málsókninni og að FEB í Reykjavík hefði þegar stutt málið.
 17. Myndir af eldra fólki frá Steinu Matt: Steina Matt í Búðardal tók ljósmyndir af öldruðu fólki sem hafa verið sýndar víða. Þær eru nú falar. Þórunn mun skoða myndirnar og við ræðum málið síðar.
 18. Næsti stjórnarfundur: 25 júní 2019
 19. Önnur mál : Rætt um starfsmannamál. Rétt að fá tillögur á næsta stjórnarfund.
- fleira ekki gert, fundi slitið.

